

Námsval 2022-2023



- ❖ Upplýsingar um námsval eru sendar heim til foreldra.
- ❖ Upplýsingar um námsval eru einnig settar á heimasíðu skólans.

Námsval 2022-2023



- Mikilvægt er að nemendur hugleiði vel hvað þá langar að læra næsta vetur og velji samkvæmt því.
- **Ath. - ekki er víst að hægt verði að breyta námsvali eftir að skóli hefst í haust. Það er lögð áhersla á það við nemendur að val er bindandi. Stundum er að vísu hægt að gera breytingar ef óskað er og þá er það gert en stundum er slíkt ekki hægt og þá verður námsvalið að standa.**
- Ath. með námsvali eru nemendur í raun að leggja drög að skipulagi næsta vetrar – hvaða áfangar verða kenndir og um leið hvar kennarapörfin liggur. Þess vegna getur verið snúið að breyta vali þegar skólahald hefst að hausti.

Námsval 2022-2023

samanburður við aðalnámskrá

	8.bekkur	9. bekkur	10.bekkur	Samtals kennslust. í 8.-10. bekk í Valhúsask.	Tímamagn skv. aðalnámskrá í 8.-10. bekk
Íslenska	6	6	5	17	15,75
Stærðfræði	5	5	6	16	15
Enska (erlend tungumál)	3	4	4	11	21
Danska	3	4	4	11	
Nátt. /umhverfism	3	3	3	9	9
Sam./krist/trú	3	2	2	7	9
Lífsleikni	1	1	1	3	
Umsjón	1	1	1	3	
Yndislestur	2	2	2	6	
List- og verkgr.				0	8,5
Bundið val list og verk	4	2	2	8	
Uppl.tækni	1			1	2
Íþróttir, líkams...	3	3	3	9	9
Frjálst val	2	4	4	12	21,75
Samtals	37	37	37	111	111
					4440 mín

Námsval 2022-2023



- ❖ Kennslustundir í kjarnanámsgreinum eru 31.
- ❖ Hver nemandi þarf því að velja 6 vikustundir af námsvali skólans þ.e. 3 námsgreinar á hvorri önn.

Námsval 2022-2023



❖ 8. bekkur

bundið val í list- og
verkgr. > 4 kest.

frjálst val > 2 kest.



❖ 9. og 10. bekkur

bundið val í list- og
verkgr. >2 kest.

frjálst val > 4 kest.



Námsval 2022-2023

Atriði sem gott er að hafa í huga þegar valið er

- ❖ Ef árekstur í töflu veldur því að nemandi getur ekki valið það sem hann helst vildi þá er gott að skrifa orðsendingu neðst í rafrænu skráninguna um ítrustu óskir. Það er líklegt að sumar valgreinar verði ekki kenndar þ.e. þær námsgreinar sem fáir velja og að sama skapi munu einhverjir hópar e.t.v. springa og þá er gjarnan brugðist við með því að fjölga hópum í tiltekinni námsgrein. Þessar breytingar geta orðið til þess að hægt verði að uppfylla óskir nemenda þó núverandi uppröðun bendi ekki til þess.
- ❖ **Mikilvægt er að nemendur vandi vara valið því það er algengt að nemendur séu settir í varaval þ.e. ef valin námsgrein er ekki kennd.**



Námsval 2022-2023



-
- ❖ Nemandi sem stundar nám í tónlistarskóla dansskóla eða stundar íþróttir í íþróttafélagi getur fengið 2-4 stundir metnar sem námsval.
 - 8. bekkur 2 stundir
 - 9. og 10. bekkur 2-4 stundir
 - ❖ Þeir sem velja nám utan skóla fylla út eyðublað sem foreldrar skrifa undir og staðfesta þannig að þeir tryggi að börn þeirra stundi nám utan skóla.
 - ❖ Eyðublaðið um nám utan skóla fylgir í viðhengi – sami póstur og þessar glærur.
 - ❖ **Mikilvægt er að hugsa þennan möguleika vel því það er ekki víst að hægt sé að hætta í vali eftir að skóli hefst næsta haust og taka þennan möguleika inn þá.**

Námsval 2022-2023

Námsval fyrir verðandi 8. bekk

Haustönn:

- ❖ Hver nemandi velur eina námsgrein í listgreinum og eina til vara (listgrein fyrir haustönn)
- ❖ Hver nemandi velur eina námsgrein í verkgreinum og eina til vara (verkgrein fyrir haustönn)
- ❖ Hver nemandi velur eina valgrein í frjálssu vali. Nemandi sem velur nám utan skóla þarf þá ekki að velja neina námsgrein í frjálssu vali. Nemandi sem velur stærðfræðigrein, spænsku eða félagsmálafræði er að velja frjálst val bæði fyrir haust- og vorönn.

Vorönn:

- ❖ Hver nemandi velur eina námsgrein í listgreinum og eina til vara (listgrein fyrir vorönn)
- ❖ Hver nemandi velur eina námsgrein í verkgreinum og eina til vara (verkgrein fyrir vorönn)
- ❖ Hver nemandi velur eina valgrein í frjálssu vali. Nemandi sem velur nám annars staðar eða valdi stærðfræðigrein, spænsku eða félagsmálafræði fyrir haustönnina þarf ekki að velja frjálst val fyrir vorönnina.

Námsval 2022-2023

Námsval fyrir verðandi 9. og 10. bekk

Haustönn:

- ❖ Hver nemandi velur eina list- eða verkgrein og eina til vara (list- eða verkgrein fyrir haustönn)
- ❖ Hver nemandi velur tvær valgreinar í frjálssu vali. Nemandi sem velur 1x nám utan skóla þarf þá ekki að velja nema eina námsgrein í frjálssu vali. Nemandi sem velur stærðfræðigrein, spænsku eða félagsmálafræði er að velja frjálst val bæði fyrir haust- og vorönn.

Vorönn:

- ❖ Hver nemandi velur eina námsgrein í list- eða verkgrein og eina til vara (list- eða verkgrein fyrir vorönn).
- ❖ Hver nemandi velur tvær valgreinar í frjálssu vali. Nemandi sem velur nám utan skóla 1x þarf þá ekki að velja nema eina námsgrein í frjálssu vali. Nemandi sem valdi stærðfræðigrein, spænsku eða félagsmálafræði á haustönn valdi frjálst val bæði fyrir haust- og vorönn.
- ❖ Nemandi sem velur tvær námsgreinar utan skóla þarf ekki að velja frjálst val í skólanum.

Nemandi sem velur listgrein að hausti skal velja verkgrein að vori eða öfugt. Hver nemandi þarf að velja hvort tveggja, list- og verkgrein.